

## Fundargerð

Föstudaginn 6. desember 2019, kl. 12:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún**. Fundarstaður var Hnjúkabyggð 33, á Blönduósi. Á fundinn voru mættir eftirtaldir aðilar: Halldór G. Ólafsson, formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson, (í síma) Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá mætti Sigrún Hauksdóttir, aðalbókari Blönduósbæjar, undir liðum 2.- 3.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum dags., 11. nóvember 2019 var undirrituð en hún hafði áður verið send út til stjórnarmenna, með tölvupósti, án athugasemda.

#### 2. Forsendur áætlunar 2020.

Farið var yfir nokkra punkta sem lágu fyrir fundinum, og taka þyrfti ákvörðun um, vegna fjárhagsáætlunar 2020, vegna BMA.

- Aukin launakostnaður við Héraðsskjalasafn, vegna væntanlegra breytinga í mönnun og afleysingum. *Samþykkt tillaga að hækkun.*
- Styrkuppþæð til Heimilisiðnaðarsafnsins 2020, samþykkt, að upphæð 6,3 milljónir, og mun verða send staðfesting bréflaga.
- Viðhaldsliði í Kvennaskóla og Héraðsskjalasafni, þarf að meta og gera framkvæmda- og kostnaðaráætlanir, vegna fjármögnunar.
- Leigumál í Kvennaskóla þarf að endurskoða og koma í betra horf, á fyrri hluta árs 2020, með aðkomu framkv.stj., og formanns.
- Samþykkt að ganga á eigið fé, BMA, til þess að ná saman áætlun.
- Gangi þarf á eftir framlagi frá Ríkinu, sem meirihlutaeiganda fasteigna, gera samning um framkvæmdir og fjármögnun, vegna uppbyggingar, viðhalds og þarfra endurbóta á Kvennaskólareit.

#### 3. Fjárhagsáætlun 2020.

Sigrún Hauksdóttir fór yfir fjárhagsáætlun BMA, fyrir árið 2020, og helstu áherslur, en einnig breytingar á viðmiðum frá síðasta fundi. *Eftir umræður og skýringar þá var fjárhagsáætlun BMA, samþykkt.*

#### 4. Önnur mál:

Valdimar greindi frá samtali við héraðsskjalavörð A-Hún., um að kynning á starfseminni, sem m.a. hefur verið gerð fyrir stjórn BMA, hafi verið frestað til næsta stjórnarfundar, á fyrstu mánuðum 2020.

# Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

---

Fleira ekki tekið fyrir,  
Fundu slitið kl. 13:15-

-----

-----

-----